

Sunny Beach

Upplýsingabæklingur

Kynning á íbúð við Svarta Hafið



EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	3
2	Landið	3
3	Bærinn	3
4	Íbúðin	4
5	Afþreying	5
5.1	Íþróttir	5
5.1.1	Golf	6
5.1.2	Tennis	6
5.1.3	Seglbretti, sjóskíði, siglingar og „parasailing“	6
5.1.4	Reiðtúrar	6
5.1.5	Hjólreiðar	6
5.1.6	Klifur	6
5.2	Golden Sands	7
5.3	Nessebar	7
5.4	Veitingastaðir	7
5.5	Verslanir	7
5.6	Vatnagarðar	7
6	Veðurfar	8
7	Verðlag	8
8	Að komast til Sunny Beach	9
9	Pöntun á íbúð og verð	9
10	Nytsamar netsíður	9

YFIRLIT YFIR MYNDIR OG TÖFLUR

Mynd 2-1:	Kort af Búlgaríu	3		
Mynd 3-1:	Sunny Beach strandlengjan	4		
Mynd 4-1:	Summer Dreams byggingin	Mynd 4-2:	Borðstofukrókur	5
Mynd 4-3:	Stofa	Mynd 4-4:	Svefnherbergi	5
Mynd 4-5:	Eldhús			5
Mynd 5-1:	Black Sea Rama golfvöllurinn			6
Mynd 5-2:	Staðsetning Black Sea Rama golfvallarins			6
Mynd 5-3:	Hluti Golden Sands svæðisins			7
Mynd 5-4:	Nessebar			7
Mynd 5-5:	Vatnagarðurinn action AquaPark			8
Tafla 6-1:	Veðurfar á Sunny Beach			8
Tafla 9-1:	Leiguverð			9

1 INNGANGUR

Bæklingi þessum er ætlað að kynna íbúð sem ég á í litlum strandbæ við Svarta hafið með hugsanlega leigu í huga. Yfir hásumarið er íbúðin nokkuð þétt setin en ekkert þar fyrir utan. Til að auka nýtingu íbúðarinnar ætla ég með þessum skrifum að benda á kosti þessa svæðis með þeirri von að einhverjir vilji hvíla Spán og Ítalíu og prófa nýtt land til að svala sólarþorstanum.

2 LANDIÐ

Búlgaríá er litlu stærra en Ísland að flatarmáli eða um 111 þúsund km² og þar búa um 7,6 milljónir manna. Höfuðborgin heitir Sofia og tungumálið er búlgarska sem svipar mjög til rússnesku fyrir þau ykkar sem hafa áhuga á slíku.

Eins og sjá má á mynd 1.1 hér að neðan þá liggur landið að Rúmeníu fyrir norðan, Serbíu og Makedoníu fyrir vestan, Grikklandi að sunnan og Svartahafinu fyrir austan.



MYND 2-1: KORT AF BÚLGARÍU

Búlgaríá er hægt og sígandi að bíta af sér hlekki austurblokkarinnar og fékk aðild að Evrópusambandinu árið 2007. Mynt landsins heitir Leva sem er fasttengd Evru þannig að 1 Evra jafngildir 1,96 Leva (=> 1 Leva ≈ 91 ÍSK)¹. Stjórnvöld landsins hafa sótt um aðild að evru en sú umsókn enn ekki samþykkt vegna þess að Búlgaríá uppfyllir ekki skilyrði EU m.a. vegna hárrar verðbólgu í landinu.

3 BÆRINN

Sunny Beach er stærsta sumarleyfissvæði Búlgaríu og hefur lengstu strandlengju Búlgaríu og er hún u.þ.b. 8 km að lengd. Bærinn hefur verið í hraðri uppbyggingu síðustu árin þar sem ferðamannaiðnaðurinn er sífellt vaxandi atvinnugrein í landinu sem hentar hvað sérstaklega þeim stöðum sem liggja að Svartahafinu. Í bænum eru yfir 800 hótél og í kringum 130 veitingastaðir.



MYND 3-1: SUNNY BEACH STRANDLENGJAN

Bærinn hefur upp á margt að bjóða fyrir ferðamenn og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi bæði í bænum og á svæðinu í kring.

4 ÍBÚÐIN

Íbúðin sjálf er staðsett í húsi sem heitir Summer Dreams sem er mjög miðsvæðis á Sunny Beach þar sem stutt er á hvítendna ströndina. Summer Dreams byggingin er 6 hæða U-laga bygging með sundlaug í garðinum þar sem í boði eru léttar svalandi veitingar. Í aðeins 300 metra fjarlægð liggur 8 km löng ströndin þar sem einnig er stutt í veitingastaði, verslanir og utanhúss afþreyingu þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Helstu staðreyndir um íbúðina:

- Númer íbúðar er B-28 (lykill í anddyri)
- Er á 6. hæð með útsýni yfir Svartahafið
- Stærð íbúðar er 61 m²
- Svalir sem snúa út að sundlaugargarðinum
- 2 herbergi (1 svefnherbergi)
- Byggingarár 2006
- 1 tvöfaldur svefnsófi og 1 einfaldur svefnsófi í stofu
- Loftræsting
- 2 sjónvörp og CD útvarp
- Þvottavél

Myndir 4-1 til 4-5 sýna Summer Dreams bygginguna, þar sem íbúðin er staðsett á efstu hæð fyrir miðri mynd, ásamt nokkrum myndum af íbúðinni sjálfri.



MYND 4-1: SUMMER DREAMS BYGGINGIN



MYND 4-2: BORÐSTOFUKRÓKUR



MYND 4-3: STOFA



MYND 4-4: SVEFNHERBERGI



MYND 4-5: ELDHÚS

5 AFÞREYING

Margt er í boði fyrir þau sem ekki finnst nógu gefandi að liggja í sólbaði og borða ís og verða nokkur atriði talin upp hér að neðan.

5.1 ÍÞRÓTTIR

Auðvelt er fyrir íþróttaiðkendum að finna sér eitthvað til dundurs eins og eftirfarandi kaflar lýsa.

5.1.1 GOLF

Hægt er að stunda golflistina af kappi nálægt Sunny Beach og hvar er betra að lækka forgjöfina en við sjálft Svartahafið.



Þann 18. júlí 2009 opnaði Black Sea Rama golfvöllurinn formlega sem enginn annar en Gary Player hannaði. Mynd 5-1 sýnir glæsilegt stæði þessa golfvallar og þennan völl verða allir sannir golfarar að leika e-n daginn.

MYND 5-1: BLACK SEA RAMA GOLFVÖLLURINN

Nánari upplýsingar um völlinn er að finna á þessari síðu: <http://www.blacksearama.com>



Golfvöllurinn liggur nálægt Varna eins og mynd 5-2 sýnir.

MYND 5-2: STAÐSETNING BLACK SEA RAMA GOLFVALLARINS

5.1.2 TENNIS

Boðið er uppá fjölmarga tennisvelli á svæðinu.

5.1.3 SEGLBRETTI, SJÓSKÍÐI, SIGLINGAR OG „PARASAILING“

Hægt er að leggja stund á allar þessar vatnaíþróttir við Sunny Beach

5.1.4 REIÐTÚRAR

Hægt er að fara í reiðtúra á ströndinni á kvöldin sem og í lengri túra inn í landið kjósi menn það.

5.1.5 HJÓLREIÐAR

Fínt fjölskyldusport og góð leið til að kanna strandsvæðið enda ströndin sjálf 8 km að lengd.

5.1.6 KLIFUR

Fjallageitur þurfa ekki að örvænta því boðið er upp á klifurveggi til að glíma við.

5.2 GOLDEN SANDS



MYND 5-3: HLUÐI GOLDEN SANDS SVÆÐISINS

Fyrir þá sem vilja skoða aðrar strendur þá er Golden Sands ströndin góð tilbreyting. Ströndin liggur í ca 100 km fjarlægð frá Sunny Beach og tilvalið að leigja bíl í verkefnið og kíkja á staðinn.

5.3 NESSEBAR

Nessebar er lítil ævaforin bær sem er á skrá Unesco yfir verndaða staði sem er mjög tilkomumikill og vert að heimsækja.



MYND 5-4: NESSEBAR

Bærinn er oft nefndur *Perla Svarta hafsins* og er sérstaklega fallett og rómantískt að röltu um Nessebar að kvöldlagi og snæða á einum af fjölmörgum veitingastöðum við ströndina. Nessebar liggur við enda Sunny Beach strandarinnar og þar búa um 10 þúsund manns.

5.4 VEITINGASTAÐIR

Gríðarlega gott og mikið úrval veitingastaða er á Sunny Beach þar sem allir ættu að finna fæði við sitt hæfi á mjög hagstæðu verði. Eins og áður hefur komið fram þá eru í kringum 130 veitingastaðir í bænum.

5.5 VERSLANIR

Nokkrar verslunarmiðstöðvar eru í Sunny Beach ásamt fjöldanum öllum af vöruhúsum og útimörkuðum.

5.6 VATNAGARÐAR

Í Sunny Beach eru tveir nýlegir vatnagarðar sem tilvalið er að heimsækja og sýnir mynd 5-5 annan þeirra.



MYND 5-5: VATNAGARÐURINN ACTION AQUAPARK

6 VEÐURFAR

Veðurfar í Búlgaríu er temprað með köldum vetrum og hlýjum sumrum. Þó er veðrið mildara við Svartahafið þar sem Sunny Beach liggur og ekki eins mikill munur á sumri og vetri eins og inn til landsins.

Meðaltalsveðurfarstölur gefur að líta í töflu 6.1 hér að neðan.

-	Jan	Feb	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des
Dagshiti °C	6	8	11	16	21	25	28	27	24	19	13	8
Næturhiti °C	-1	0	3	7	12	16	18	17	15	14	6	2
Sjávarhitastig °C	8	7	8	10	15	20	23	24	22	18	14	10
Sólskins klst.	6	8	10	10	11	11	10	10	9	7	6	6
Rigningardagar	6	6	7	8	6	6	4	4	4	6	7	5

TAFLA 6-1: VEÐURFAR Á SUNNY BEACH

Aðal ferðamannastraumurinn við Svartahafið er í júlí og ágúst. Miðað við hitastig sýnt í töflu 5-1 þá er tilvalið fyrir Íslendinga að lengja sumarið hér á landi með því að ferðast til Svartahafsins í september eða október. Einnig væri sterkur leikur að taka túrinn austur fyrir gamla járntjaldið í maí eða júní og jafnvel í apríl fyrir þá sem eiga einhverja orlofsdaga eftir.

7 VERÐLAG

Mjög hagstætt verðlag er í Búlgaríu eins og gjarnan er í fyrrum austantjaldslöndum. Erfitt er að nefna dæmi um verð í íslenskum krónum vegna óstöðugs gengis en til að gefa einhverja verðhugmynd þá var algengt verð fyrir máltíð ásamt vínglasi eða bjór rétt um 1000 krónur í maí 2006. Líklega hefur þetta verð tvöfaldast vegna hruns krónunnar 2008. Búast má við að þetta verðlag haldist í það minnsta þangað til Búlgaría tekur upp evru sem er í vinnslu hjá búlgörskum stjórnvöldum.

8 AÐ KOMAST TIL SUNNY BEACH

Hægt er að fljúga til borgar sem heitir Bourgas (4. stærsta borg Búlgaríu með um 230 þús. íbúa)¹ sem er 30 km suðvestur af Sunny Beach eða til borgar sem heitir Varna (3. stærsta borg Búlgaríu með um 353 þús. íbúa)² sem er 100 km norður af bænum. Venjulega er ekki boðið upp á beint flug héðan frá Íslandi til þessara borga þannig að nauðsynlegt er að millilenda í einhverri stórborg í Evrópu áður en tengiflug væri tekið til Búlgaríu.

9 PÖNTUN Á ÍBÚÐ OG VERÐ

Panta skal íbúðina með eins miklum fyrirvara og hægt er annað hvort með því að senda póst þess efnis á netföngin sylvester@internet.is / elvarg@vis.is eða hringja í 660-5123. Ekki er víst að íbúðin sé laus á þeim tíma sem fólk pantar og þarf ég að athuga það áður en íbúðin er tekin frá.

Tafla 9-1 sýnir leiguverð íbúðarinnar pr dag eftir mismunandi tímabilum ársins.

Tímabil	Verð pr dag
Júlí/Ágúst	7.000 kr.
Júní	6.000 kr.
Mái/Sept	4.000 kr.
Annar tími ársins	2.000 kr.

TAFLA 9-1: LEIGUVERÐ

10 NYTSAMAR NETSÍÐUR

Hér að neðan verða listaðar upp nokkrar vefsíður sem gætu komið að gagni fyrir þá sem ætla að ferðast til Sunny Beach.

- http://en.wikipedia.org/wiki/Sunny_Beach
- <http://www.sunny-beach.com/index.asp>
- <http://www.goldensands.bg/index.htm>
- <http://www.proservicebg.com/information-Sunny-Beach-82.html>
- <http://www.visitbulgaria.com/visitbg/index.php>
- <http://www.visitsunnybeach.info/>
- <http://www.dohop.com>

¹ Wikipedia, 5. júlí 2009

² Wikipedia, 5. júlí 2009